

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hitaveitu á Sauðárkróki.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs til viðbótar fyrri ábyrgð allt að 0.8 millj. kr. til hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, enda setji bæjarstjórn kaupstaðarins þær tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gildar. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar vegna hitaveitunnar má þó ekki nema alls meiru en 3.6 millj. kr. og ekki yfir 80% af heildarkostnaðinum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar. Til frekari skýringar fylgir hér með umsögn Gunnars Böðvarssonar verkfræðings.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Bæjarstjórnin á Sauðárkróki, hr. Björgvin Bjarnason, hefur farið þess á leit við jarðborunardeildina, að hún geri athugun á því, hve mikill heildarbyggingarkostnaður hitaveitunnar, sem nú er verið að gera á Sauðárkróki, geti væntanlega orðið. Er beiðni þessi fram komin vegna þess, að bæjarstjórn Sauðárkróks telur, að kostnaður við veituna muni verða nokkru hærri en gert hefur verið ráð fyrir, eða um 4.5 millj. kr., og mun hún því fara fram á það, að ríkisábyrgð fyrir lánnum til hitaveitunnar verði hækkuð. Er álits deildarinnar óskað til þess að staðfesta réttmæti þessarar beiðni.

Á Alþingi þann 31. janúar 1951 var samþykkt tillaga til þingsályktunar (133. mál, A. 310), að ríkisstjórninni væri heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2.8 millj. kr. af heildarstofnkostnaði hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, þó eigi yfir 80% af kostnaðinum. Var tillaga þessi borin upp með hliðsjón af kostnaðar-áætlun um hitaveituna, er undirritaður lauk við í aprilmánuði 1950.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá því, að áætlunin var gerð, hafa sem kunnugt er orðið slíkar verðbreytingar, að hún er nú orðin með öllu úrelt. Kaupgjalds-visitlan hefur hækkað um 50 stig á tímabilinu marz 1950 til júní 1952, og verð sumra byggingarefna til hitaveitunnar hefur meir en tvöfaldast á sama tíma.

Í áætlun undirritaðs var tekið fram, að vatnsmagn frá borholunum við Áshildarholtsvatn nægði enn sem komið er ekki til fullrar hitunar kaupstaðarins og væri nauðsynlegt að auka það um hér um bil 10 lítra á sekúndu. Var hins vegar gert ráð fyrir, að þessi aukning væri nærtæk, og reiknað með nokkrum borkostnaði vegna hennar.

Þá hefur bæjarstjórnin skuldbundið sig til þess að láta af hendi við eiganda Sjóvarborgarlands 5 lítra af heitu vatni á sekúndu, og er það greiðsla fyrir þau réttindi, sem bæjarstjórnin hefur öðlazzt til vinnslu heits vatns í landareigninni. Alls þarf því að auka vatnsmagnið til veitunnar um 15 lítra á sekúndu.

Samkvæmt upplýsingum bæjarstjórnar er nú lokið við lögn aðalæðarinnar til kaupstaðarins, og bæjarkerfið er komið langt áleiðis. Telur hann, að heildarbyggingarkostnaður hitaveitunnar verði 4 millj. kr. samkvæmt þeirri reynslu, sem þegar er fengin, auk kostnaðar vegna framangreindra viðbótarborana og þegar áfallins borkostnaðar frá árunum 1947 og 1948.

Jarðborunardeildin getur að svo stöddu máli ekki fellt neinn úrskurð um áætlun bæjarstjórnar, þar sem skjöl fyrir hinum áfallna kostnaði hafa ekki verið lögð fram.

Hins vegar liggur fyrir áætlun frá Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, dagselt í apríl 1951, en samkvæmt henni er byggingarkostnaður veitunnar án framangreindra borana þá áætlaður 3.75 millj. kr. Að dómi jarðborunardeildarinnar valda verðbreytingar tímabilsins frá apríl 1951 til júní 1952 því, að kostnaðurinn verður nú 18% hærri, þ. e. byggingarkostnaðurinn ætti nú að vera 4.42 millj. kr.

Við byggingu bæjarkerfisins hefur hins vegar verið tekin upp sú nýlunda að nota asbestpípur í stað steypustokka, og er ekki ólíklegt, að þetta muni spara allverulega upphæð, eða um 0.5 millj. kr. Með hliðsjón af áætlun Sigurðar Thoroddsens virðist jarðborunardeildinni því eðlilegt að gera ráð fyrir því, að byggingarkostnaður veitunnar geti orðið 4 millj. kr.

Deildin áætlar kostnað við framangreindar viðbótarboranir alls um 350 000 kr., og eldri framlög bæjarstjórnarinnar til borana og rannsóknar árin 1947 og 1948 og annars undirbúnings verksins munu vera um eða yfir 150 000 kr.

Jarðborunardeildinni virðist því með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að það sé full ástæða að gera ráð fyrir, að heildarbyggingarkostnaður hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar verði 4.5 millj. kr.

Reykjavík, 5. okt. 1952,

Gunnar Böðvarsson.